

The background of the page is decorated with numerous concentric circles drawn in a sketchy, hand-drawn style. These circles are in various colors including orange, purple, yellow, green, and blue. They are scattered across the page, with some being very large and prominent, like the one in the bottom left, and others being smaller and more numerous, like the ones in the top right and bottom right.

LEIÐBEININGAR UM HEILSUVERND grunnskólabarna

Embætti landlæknis hefur gefið út leiðbeiningar um heilsuvernd gunnskólabarna sem taka gildi frá haustinu 2013. Heilsuvernd grunnskólabarna er hluti af heilsugæslunni og framhald af ungubarnavernd. Markmiðið er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Helstu verkþættir heilsuverndar skólabarna eru heilbrigðisfræðsla, bólusetningar, heilbrigðisskoðanir og aðstoð við börn með heilsuvanda. Heilsuverndarstarf innan skólanna krefst góðrar samvinnu starfsfólks skólanna og heilsugæslunnar. Það er von Embættis landlæknis að þessir aðilar eigi áfram farsælt samstarf með hagsmunum skólabarna að leiðarljósi.

HEILBRIGÐISFRÆÐSLA

Heilsuvernd skólabarna sinnir skipulagðri heilbrigðisfræðslu og hvetur til heilbrigðra lífshátta, ýmist í hópfærðslu eða á einstaklingsgrunni. Byggt er á hugmyndafræðinni um 6h heilsunnar (www.6h.is) þar sem áherslurnar eru: Hollusta – hvíld – hreyfing – hreinlæti – hamingja – hugrekki og kynheilbrigði. Eftir hvern þátt fræðslunnar fá foreldrar sent bréf og gefst þeim þá kostur á að ræða við börn sín um það sem þau lærðu.




ÁRANGARURSRÍKAR AÐGERÐIR

Fræðslufni í heilsuvernd skólabarna byggir á gagnreyndri þekkingu í heilsuefningu og forvörnum. Það byggir á jákvæðri nálgun og uppbyggingu einstaklingsins.

Hér má nefna aðferðir og verkefni eins og:

- Gagnvirkar aðgerðir sem örva færni nemenda.
- Jákvæð samskipti milli nemenda og þess sem fræðir.
- Heildræn nálgun með þátttöku foreldra og grenndarsamfélagsins með áherslu á umhyggju og styðjandi umhverfi.
- Almenn lífsleikniverkefni með áherslu á að byggja upp einstaklinga, auka þekkingu þeirra og þjálfna færni, svo sem ákveðni, að bregðast við vanda og setja sér markmið.
- Verkefni sem efla félagsfærni með áherslu á ákvarðanatöku og hæfni til að velja rétt.

Inn á heilsuvefnum www.6h.is er að finna margvíslegan fróðleik frá fagfólki fyrir börn, ungmenni og foreldra. Heilsugæslan og Embætti landlæknis halda vefnum úti og margir kennarar nota hann í starfi sínu.



Heilbrigð börn eru góðir nemendur - góðir nemendur mynda heilbriggt samfélag

HEILSUFARSSKOÐANIR

Reglubundnar skoðanir eru framkvæmdar þegar börnin eru 6, 9, 12 og 15 ára. Í öllum skoðunum er mæld hæð, þyngd og sjónskerpa. Auk þess tekur hjúkrunarfræðingur viðtal við börnin um lífsstíl og líðan.

BÓLUSETNINGAR

Markmið bólusetninga er að koma í veg fyrir alvarlega smitsjúkdóma. Sjúkdómar sem áður voru algengir og voru lífshættulegir ungum börnum hafa með tilkomu bólusetninga nánast horfið. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin fullyrðir að engar læknisfræðilegar aðgerðir séu mönnum eins hagkvæmar og bólusetningar.

7. bekkur: Bólusettt gegn rauðum hundum, hettusótt og mislingum í einni sprautu. Stúlkur eru bólusettar gegn leghálskrabbameini. Þrjár sprautur á 6 til 9 mánaða tímabili.


9. bekkur: Bólusettt gegn mænusótt, barnaveiki, stífkrampa og kíghósta í einni sprautu.

BÖRN MEÐ HEILSUVANDA

Um 20% grunnskólabarna eiga við einhvern heilsuvanda að etja. Starfsfólk heilsugæslunnar leggur sitt af mörkum til að börnum með heilsuvanda séu skapaðar viðeigandi aðstæður og umönnun í skólanum í samvinnu við foreldra og starfsfólk skólans.

Leiðbeiningar um heilsuvernd grunnskólabarna má nálgast á www.landlaeknir.is/heilsuvernd-grunnskolabarna

Atriði sem geta valdið því að nauðsynlegt reynist að forgangsraða verkefnum í heilsuvernd grunnskólabarna:

- Mönnun í heilsugæslunni krefst forgangsróðunar.
 - Áföll í skólanum eða alvarleg veikindi sem taka mikinn tíma
- 
- 

RITSTJÓRN OG HÖFUNDAR

Anna Björg Aradóttir, sviðstjóri Embættis landlæknis

Björk Filipsdóttir hjúkrunarfræðingur, Heilsugæslunni Sólvangi

Hannes Hrafnkelsson læknir, Heilsugæslunni Seltjarnarnesi

Íris Dröfn Björnsdóttir hjúkrunarfræðingur, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja

Jórlaug Heimisdóttir sérfræðingur, Embætti landlæknis

Linda Kristjánsdóttir læknir, Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Borgarnesi

Margrét Hේðinsdóttir hjúkrunarfræðingur, Þróunarsviði Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, sviðstjóri skólasviðs, Þróunarsviði Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Sveinbjörn Kristjánsson sérfræðingur, Embætti landlæknis

Athugasemdir eða ábendingar sendist til Ragnheiðar Óskar Erlendsdóttur, Ragnheidur.Osk.Erlendsdottir@heilsugaeslan.is
eða Jórlaugar Heimisdóttur jorlaug@landlaeknir.is



**Embætti
landlæknis**
Directorate of Health

Barónsstíg 47 101 Reykjavík Sími 5101900 mottaka@landlaeknir.is www.landlaeknir.is